



Böð og heilsulindir

Sértæk gæðaviðmið nr. 212

5. útgáfa 2022

Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

212-1	Upplýsingar og þjónusta	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
212-1.1	Upplýsingar um eftirfarandi eru sýnilegar viðskiptavinum: <ul style="list-style-type: none"> a. Þjónusta og meðferðir sem í boði eru. b. Hitastig og efnainnihald náttúrulegra efna (baðvatn, gufa, leir o.fl.) c. Leiðbeiningar til þeirra sem eru viðkvæmir t.d. fyrir miklum hita. d. Leiðbeiningar vegna mögulegs óþols eða ofnæmisviðbragða. 			
212-1.2	Fróðleikur um uppruna náttúrulegra efna sem notuð eru í starfseminni t.d. borholur, leirnamur o.fl. er sýnilegur viðskiptavinum. Greint er frá því hvernig endurnýjun efnanna og hreinsun er háttað.			
212-1.3	Starfsfólk í móttöku hefur góða þekkingu á þeirri þjónustu sem í boði er og getur upplýst viðskiptavini um hana.			
212-1.4	Til eru skriflegar leiðbeiningar fyrir starfsfólk um það hvað felst í þjónustunni/meðferðinni sem í boði er.			
212-2	Aðstaða og búnaður	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
212-2.1	Starfsfólk er snyrtilegt og klæðist viðeigandi og hreinum vinnufatnaði.			

212-2.2	Móttökurými, búningsklefar, meðferðarrými og öll aðstaða er vel hönnuð og snyrtileg. Allar innréttingar og húsgögn eru hrein og í óaðfinnanlegu ástandi.			
212-2.3	Búningsklefar eru rúmgóðir með sætum og vel loftræstir. Eftirfarandi er til staðar: <ul style="list-style-type: none"> a. Stórir speglar b. Snyrtiborð/hillur. c. Nægjanlega margar vandaðar hárburrkur. d. Skápar sem hægt er að læsa, í góðri stærð, með herðatrjám og/eða snögum. 			
212-2.4	Sturtu- og baðaðstaða er vel aðgreind frá búningaástöðu þannig að lítil hætta er á að bleyta berist inn í búningaástöðuna.			
212-2.5	Við sturtu- og baðaðstöðu eru myndrænar merkingar um hvernig viðskiptavinir eiga að þvo sér.			
212-2.6	Meðferðarrými eru vel loftræst og afmörkuð.			
212-2.7	Meðferðarrými eru nægilega stór til að sá sem veitir meðferð hafi nóg svigrúm og geti auðveldlega farið um rýmið.			
212-2.8	Meðan á meðferð stendur er viðskiptavini ávallt sýnd tillitsemi og gætt að siðsemi.			
212-2.9	Eftir meðferð er viðskiptavinum gefið tækifæri á slökun, annað hvort í meðferðarrýminu eða í öðru afmörkuðu rými.			
212-2.10	Vandaðir, hreinir og óslitnir sloppar og inniskór eru í boði eins og við á.			
212-2.11	Handklæði eru vönduð, hrein og óslitin.			
212-2.12	Til eru skriflegar verklagsreglur um þvott og endurnýjun á líni og reglulega sóttreinsun búnaðar .			

212-2.13	Ávallt er gætt ýtrasta hreinlætis. Engir fletir bera merki um óhreinindi og hvorki sjást myglusveppir í fúgum né blettir.			
212-4	Menntun og þjálfun	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
212-4.1	Starfsfólk sem veitir meðferð hefur lokið viðeigandi menntun og þjálfun t.d. í snyrtifræði og nuddi.			
212-4.2	Allir starfsmenn hafa lokið skyndihjálparnámskeiði (4 klst.) frá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið á tveggja ára fresti. Gildir jafnt um starfsmenn og verktaka.			
212-4.3	Starfsmenn sem sinna gæslu á sund- og baðstöðum skulu árlega standast hæfnispróf skv. III. viðauka reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.			